



ÁRSSKÝRSLA
2004



Skipulag Sláturfélags Suðurlands svf. 31.12.2004

Stjórn:

Jónas Jónsson, Kálfholti, Rangárvallasýslu, formaður
Hallfreður Vilhjálmsson, Kambshóli, Borgarfjarðarsýslu, varaformaður
Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti, Skaftafellssýslu
Aðalsteinn Guðmundsson, Húsatóftum II, Árnessýslu
Hreiðar Grímsson, Grímsstöðum, Kjósarsýslu

Varastjórn:

Kristinn Jónsson, Staðarbakka, Rangárvallasýslu
Brynjólfur Ottesen, Ytra-Hólmi I, Borgarfjarðarsýslu
Ólafur Þorsteinn Gunnarsson, Giljum I, Skaftafellssýslu
Björn Harðarson, Holti I, Árnessýslu
Guðmundur Jónsson, Suður-Reykjum, Kjósarsýslu

Félagskjörnir skoðunarmenn:

Arnór Karlsson, Arnarholti, Biskupstungnahreppi
Kristján Mikkelsen, Stóru-Mörk III, V-Eyjafjallahreppi

Varaskoðunarmenn:

Haraldur Sveinsson, Hrafnkelsstöðum, Hrunamannahreppi
Sveinbjörn Jónsson, Stóru-Mörk I, V-Eyjafjallahreppi

Forstjóri:

Steinþór Skúlason

Forstöðumenn aðaldeilda:

Hjalti H. Hjaltason, fjármáladeild
Guðmundur Svavarsson, framleiðsludeild
Friðrik Eysteinnsson, markaðsdeild (frá feb. 2005)

Umsjón: Fjármáladeild SS

Hönnun: Think á Íslandi ehf.

Mynd á kápu: Gullfoss-Hermann Sigurðsson

Ljósmyndir: Think á Íslandi ehf.

Prentvinnsla: Think á Íslandi ehf.

Prentað á umhverfisvænan pappír

Ársskýrsla 2004

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.

98. starfsár

AÐALFUNDUR 8. APRÍL 2005

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	2
Afkoma ársins	3
Rekstur megindeilda	4
Lykiltölur úr samstæðureikningi	8
Ársreikningur 2004	9
Áritanir	10
Rekstrarreikningur	11
Efnahagsreikningur	12
Sjóðstreymi	14
Skýringar með ársreikningi	15
Félagsdeildir og formenn	22
Starfshættir SS	23



ÁVARP FORSTJÓRA

Verulegur bati var á kjötmarkaði á liðnu ári. Hann skilaði bændum umtalsverðri verðhækkun, einkum svína, nautgripa- og hrossabændum. Mikil samkeppni orsakaði hins vegar að afkomubati úrvinnslufyrirtækja var ekki hliðstæður.

SS hefur markað sér stöðu á nýjum sviðum eins og rekstur skólamötuneyta ber vitni. Þessu fylgir fjárfesting í upphafi en horft er til lengri tíma og breyttra matarvenja í þjóðfélaginu.

Endurskipulagningu Reykjagarðs er lokið og horft til framtíðaruppbyggingar og hagkvæms samreksturs með stoðdeildum SS.

Innlendur landbúnaður og úrvinnsluiðnaður verður að halda áfram hagræðingu og geta nálgast nágrannalönd í verðlagi. Það er ekki við það unað að ýmsir kostnaðarliðir hér á landi séu tvöfaldir m.v. nágrannalönd og má þar m.a. nefna kjarnfóður. Það er ekki heldur við það unað að embættismenn setji sífellt auknar álögur á atvinnulífið sem leiða til kostnaðarhækkana.

Sláturfélagið hefur hagrætt mikið í sínum rekstri. Fyrir um 20 árum slátraði SS sauðfé í 7 sláturhúsum og stórgripum í 3. Í dag fer öll þessi slátrun fram í einni stöð á Selfossi. Það hefur þurft að taka margar erfiðar ákvarðanir til að koma þessari hagræðingu á en auðvelt að líta til baka og sjá hvaða afleiðingar það hefði haft ef þetta hefði ekki verið gert.

Nú er kominn réttur tímarpunktur fyrir Sláturfélagið til að skipta úr vörn í sókn og nýta einingar félagsins og stöðu þess til að sækja fram á markaði.

Félagsmönnum, starfsfólki og eigendum B hlutabréfa er þakkað gott samstarf á árinu.



Í nóvember sl. var heimsins lengsta pylsa útbúin í Kringlunni. Pylsan var 11,9 metrar í brauði með öllu.

AFKOMA ÁRSINS

Ársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess Reykjararðs hf. Samanburðarfjárhæðir ársins 2003 í ársreikningnum eiga eingöngu við rekstur og efnahag Sláturfélags Suðurlands svf.

Á árinu 2004 var hagnaður af rekstri samstæðu Sláturfélags Suðurlands 101,5 mkr. en 37,5 mkr. tap var árið áður.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélagsins á árinu 2004 voru 4.445,1 mkr. en 3.496,0 mkr. árið áður. Velta samstæðunnar jókst því um 27,1% og er aukningin að stórum hluta til komin vegna innkomu dótturfélags í samstæðuuppgjörið.

Rekstrargjöld námu 4.346,4 mkr. Þau hækkuðu um 26,3% á milli ára. Vöru- og umbúðanotkun var 2.210,4 mkr. og hækkaði um 13,8% frá fyrra ári. Laun og starfsmannakostnaður nam 1.110,5 mkr. og hækkaði um 31,2% frá árinu áður. Önnur rekstrargjöld námu 809,5 mkr. og hækkuðu um 62,4% frá fyrra ári. Afskriftir voru 216,0 mkr. en voru 154,8 mkr. árið áður.

Rekstrarhagnaður ársins án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 98,8 mkr. en var 54,9 mkr. árið áður. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 32,8 mkr. en árið áður 32,4 mkr. Undir fjármagnsliðum er 8,4 mkr. gjaldfærsla vegna niðurfærslu hlutabréfa í eigu félagsins en árið áður var hún 30,0 mkr. Seld var hlutabréfaeign í Íslenskum Markaði hf. og í Gripið og Greitt hf., og nam söluhagnaður vegna þess 52,7 mkr. Tap af rekstri hlutdeildarféлага var 17,1 mkr. en 57,4 mkr. tap árið áður. Reiknaðir skattar voru 0,1 mkr. en voru 2,6 mkr. árið áður.

Í árslok 2004 voru heildareignir samstæðu Sláturfélagsins bókfærðar á 3.688,6 mkr. og hækkuðu um 29,7% frá fyrra ári, aðallega vegna innkomu dótturfélagsins í samstæðuuppgjörið. Fastafjármunir voru 2.353,1 mkr. og hækkuðu um 32,5%. Veltufjármunir voru 1.335,4 mkr. og höfðu hækkað um 24,9%.

Eigið fé var 1.262,7 mkr. og hafði hækkað um 6,1% eða 72,9 mkr. Eiginfjárlutfall í lok ársins 2004 var 34,2% en var 41,8% á sama tíma árið áður. Lækkun eiginfjárlutfalls samstæðu milli ára skýrist af innkomu dótturfélags í uppgjörið. Heildareignir voru því fjármagnaðar þannig, að 20% voru skammtímalán, 46% voru langtímalán og skuldbindingar og eigið fé 34%. Veltufjárlutfall var 1,8 í árslok 2004, en var 1,4 í árslok 2003. Arðsemi eiginfjár var 8,3% á árinu 2004, en rýrnaði að raunvirði um 3,1% árið 2003.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir alls 181,5 mkr. á árinu, en fyrir 100,2 mkr. árið áður. Vegna fasteigna var varið 68,0 mkr., 87,9 mkr. til kaupa á framleiðsluvélum og tækjum, aðallega fyrir kjötvinnslu á Hvolsvelli og 9,3 mkr. vegna bifreiða. Á árinu voru seldir fastafjármunir fyrir 132,1 mkr.

Keypt voru hlutabréf í Hollu og Góðu ehf. og Guldfoss A/S að fjárhæð 30,6 mkr. og seld hlutabréf fyrir 91,8 mkr.

Í árslok 2004 sameinaði Sláturfélag Suðurlands svf. dótturfélag sitt SS Eignir ehf., Reykjararði hf. sem m.a. rekur kjúklingasláturhús og kjötvinnslu á Hellu. Samhliða sameiningunni var hlutafé Reykjararðs hf. aukið og er að því loknu 195,7 mkr. Eftir aukningu hlutafjár á Sláturfélagið 51% í Reykjararði hf., en áður var eignarhlutinn 100%.

Til að bæta afkomu afurðardeildar var sláturhúsið á Kirkjubæjarklaustri aflagt í lok árs.

Veltufé frá rekstri var 144,7 mkr. árið 2004, samanborið við 189,0 mkr. árið 2003.

Í árslok 2004 störfuðu 381 starfsmenur hjá samstæðunni. Þegar starfsmenn voru flestir hjá félaginu í sláturtíð voru 539 á launaskrá. Unnin ársverk 2004 voru 431 en árið áður 344. Störfum hafði því fjölgað um 87 að mestu vegna innkomu dótturfélags.



Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, kom til landsins s.l. sumar og fékk sér að sjálfsgöðu þjóðarrétt Íslendinga, SS pylsu.

Skráð viðskipti með hlutabréf Sláturfélagsins voru 17,6 mkr. á árinu 2004, en 6,2 mkr. árið áður. Gengi hlutabréfa Sláturfélagsins var 1,0 í upphafi og lok árs 2004.

Sláturfélagið fylgir ekki að öllu leiti leiðbeiningum Kauphallar um stjórnarhætti fyrirtækja þar sem þær í veigamiklum atriðum taka ekki mið af starfsháttum samvinnufélaga svo sem um óháða stjórnarmenn og kaupréttarákvæði.

AFURÐIR

SAUÐFÉ

Sumarslátrun hófst 29. júlí og var slátrað 16.914 kindum. Þann 13. september hófst haustslátrun á Klaustri og á Selfossi. Slátrun lauk 29. október á Klaustri, og 13. desember á Selfossi. Haustslátrun var alls 115.448 fjár en önnur slátrun var 1.571 kindur. Alls var slátrað 133.933 kindum á árinu, 2.110 tonn, og af þeim voru 4.033 kindur heimteknar. Meðalþungi innlagðra dilka var 15,2 kg en árið 2003 var hann 15,3 kg.

Á árinu 2004 voru flutt út tæplega 599 tonn ígildi DIA. Birgðir kindakjöts í eigu afurðardeildar í lok ársins voru 1.856 tonn á móti 1.846 tonnum árið áður.

NAUT

Heildarslátrun nautgripa árið 2004 var 1.047 tonn af 6.220 sláturgripum og þar af var heimtaka rúmlega 23 tonn. Þetta er 213 tonna minnkun frá fyrra ári.

Heildarsala nautakjöts á árinu 2004 var 1.040 tonn en var 1.233 tonn árið 2003.

Heildarverðmæti innlagðra nautgripaafurða á árinu 2004 var 266,5 mkr. en var 289,7 mkr. árið 2003.

Birgðir nautakjöts í eigu afurðardeildar voru í árslok 5 tonn en árið áður voru birgðir 12 tonn.

HROSS

Heildarslátrun hrossa árið 2004 var 307 tonn af 1.885 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 145 tonn. Þetta er 57 tonna samdráttur í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra hrossaafurða á árinu 2004 var 14,3 mkr. en var 14,1 mkr. árið áður.

Heildarsala hrossakjöts á árinu 2004 var 169 tonn á móti 98 tonnum árið áður, þar af voru flutt út rúmlega 7 tonn umreiknað í kjöt í heilu.

Birgðir hrossakjöts í eigu afurðardeildar voru í árslok rúmlega 13 tonn en þær voru 11 tonn árið 2003.



SVÍN

Heildarslátrun svína árið 2004 var 1.007 tonn af 12.738 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 383 tonn.

Heildarverðmæti innlagðra svínaafurða á árinu var 121,1 mkr. en var 89,6 mkr. árið áður.

FJÖLDI SLÁTURFJÁR Á SLÁTURHÚS

	Fjöldi sláturfjár		Br. milli ára	
	2004	2003	stk.	%
Klaustur	27.894	27.472	422	1,5%
Selfoss	106.039	111.820	(5.781)	(5,2%)
Samtals	133.933	139.292	(5.359)	(3,9%)



Heildarsala svínakjöts á árinu 2004 var 626 tonn sem er 41 tonni minna en árið 2003.

Birgðir svínakjöts í eigu afurðardeildar voru engar í árslok eins og árið áður.

AFURÐARDEILD

Sumarslátrun sauðfjár hófst á Selfossi, 29. júlí og hefðbundin sláturtíð um miðjan september. Slátrun gekk vel og verkun og vinnubrögð góð. Bylting varð í aðstöðu til frekari úrvinnslu dillkakjöts með viðbyggingu og endurbótum á pökkunar- og skurðaraðstöðu í frystihúsi. Samhliða endurbótum húsnæðis og búnaðar var innra gæðaeftirlit hússins tekið til gagnerrar endurskoðunar í samræmi við auknar kröfur innlendra og erlendra yfirvalda.

Mönnun á Selfossi gekk vel og byggðist upp á kjarna þrautreyndra íslenskra starfsmanna í bland við vaskan hóp útlendinga, sem hingað komu til að vinna í sláturtíðinni. Í þeim hópi voru tveir sérhæfðir slátraras frá Nýja-Sjálandi sem fengnir voru gagnert til að innleiða ný vinnubrögð og auka fagmennsku í slátrun hjá félaginu.

Sem fyrr vantaði talsvert á að hægt væri að slátra af fullum krafti framan af sláturtíð á meðan fé var að skila sér af fjalli. Nauðsynlegt er að ná samstöðu meðal innleggjenda um að innlegg geti skilað sér fyrr svo slátrun geti hafist með fullum afköstum í byrjun september. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi lokunar sláturhússins á Kirkjubæjarklaustri, sem hefur í för með sér aukna slátrun á Selfossi.

Slátrun á Kirkjubæjarklaustri gekk vel og húsið mannað einvala liði og voru afköst og meðhöndlun afurða til fyrirmyndar. Erlendir starfsmenn og hópur grunnskólanema í verkfalli létu mikið á mönnun hússins.

Húsinu á Klaustri hefur nú verið lokað þar sem það uppfyllir ekki skilyrði reglugerðar um búnað, sem gildi tekur 1. janúar 2008 og m.a. krefst hangandi fláningar og kostnaðarsamra endurbóta. Ákvörðun um lokun hússins er sársaukafull fyrir byggðarlagið og mun félagið leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum lokunarinnar í samstarfi við heimamenn.

Slátrun á Klaustri og nágrenni má rekja allt aftur til ársins 1918 þegar framkvæmd var neyðarslátrun, vegna Kötlugoss. Fyrstu heimildir um slátrun á vegum Sláturfélagsins, austan Mýrdalssands, má rekja til slátrunar í Seglbúðum árið 1933. Þá var kjötið saltað í tunnur og því skipað út í millilandaskip, við hafnlausu strönd, til útflutnings. Stjórn félagsins heimilaði svo slátrun hjá hugvitsmanninum Bjarna Runólfssyni í Hólmi árið 1936, en hann hafði komið sér upp aðstöðu og frystivélum. Megnið af kjötinu var saltað eins og áður, en stjórnin heimilaði frystingu á 400 skrokkum í tilraunaskyni. Árið 1942 var slátrað í fyrsta sinn í nýbyggðu sláturhúsi Sláturfélagsins á Klaustri og hefur það starfað óslitið síðan, eða í 62 ár.



Umtalsverð lækun varð á flutningskostnaði sauðfjár að húsi. Má það þakka bættu skipulagi og aukinni nýtingu sauðfjárflutningavagna félagsins. Válynd veður settu strik í reikninginn eina vikuna, en með samstilltu átaki, starfsmanna, bílstjóra og bænda tókst að halda fullri slátrun í húsinu þótt flutningar færu úr skorðum.

Útflutningur fersks dillkakjöts til Danmerkur á meðan slátrun stóð yfir gekk vel. Aukin úrvinnsla og pökkun í neyndapakkningar skilar betra verði og auknum umsvifum. Vinnsla frosinna afurða til útflutnings utan sláturtíðar fer vaxandi.

Eins og fyrri ár gerði skoðunarmaður bandarískra stjórnvalda úttekt á sauðfjársláturhúsinu á Selfossi og stóðst húsið ýtrustu kröfur. Var það ánægjuleg niðurstaða sem náðist með mikilli og góðri samstöðu allra sem þar áttu hlut að máli og með kostnaðarsömum endurbótum á búnaði og vinnubrögðum hússins. Kröfur til útflutningshúsa vaxa ár frá ári og ljóst að áfram þarf að leggja í verulegan kostnað til að uppfylla öll skilyrði.

Skortur á nautgripum leiddi til verðhækkana og verulegs samdráttar í slátrun.

Framboð á hrossum til slátrunar fer enn minnkandi og dróst hrossaslátrun nokkuð saman. Lítilsháttar samdráttur varð í svínaslátrun, en jafnvægi hefur skapast í svínakjötsframleiðslu.



Birgðir afurðadeildar í kindakjöti voru miklar á árinu, sem hafði í för með sér umtalsverðan kostnað við flutninga og leigugeymslur. Horfur með sölu kindakjöts eru góðar þegar litið er til framtíðar og útlit fyrir að félagið verði birgðalítið eða birgðalaust í byrjun næstu sláturtíðar.

Enn vex kostnaður félagsins við förgun sláturúrgangs og blikur á lofti í þeim efnum vegna fyrirhugaðrar lokunar eyðingarverksmiðju Förgunar og að ekki er tekið við ómeðhöndluðum sláturúrgangi á urðunarstöðum á Suðurlandi. Þar situr félagið ekki við sama borð og sláturleyfishafar í öðrum landshlutum, þar sem reglum virðist ekki framfylgt í sama mæli og Sunnanlands.

AÐRAR DEILDIR

Afkoma kjötiðnaðar batnaði verulega frá fyrra ári og má einkum rekja það til veltuaukningar og aðhalds á öllum sviðum. Frekari þróun í framleiðslu á tilbúnum mat átti sér stað á árinu þegar framleiðsla á skólamáltíðum fyrir grunnskóla í Hafnarfirði var hafin. Það verkefni lofar góðu og ljóst að m.a. í svona starfsemi felast tækifæri nýrra tíma.

Eins og áður tók vaskur hópur fagmanna félagsins þátt í fagkeppni Meistarafélags íslenskra kjötiðnaðarmanna og vann til fjölda verðlauna í hinum ýmsu flokkum keppinnar. Á árinu settu pylsugerðar- og tæknimenn félagsins glæsilegt heimsmet þegar framleidd var 11,9 metra löng SS pylsa með öllu í verslunarmiðstöðinni Kringlunni. Tæplega 100 starfsmenn kjötvinnslunnar á Hvolsvelli útskrifuðust af námskeiði um matvælaöryggi. Námskeiðið var sniðið að þörfum Sláturfélags Suðurlands og var fjallað um öll þau atriði er snerta matvælaöryggi.

Mikil áhersla er á vörubrúun og leit fjöldi nýrra rétta dagsins ljós. Kjötvinnsla félagsins á Hvolsvelli er vel búin tækjum og starfsfólki og hefur alla burði til að vera áfram í forystu íslensks kjötiðnaðar.

Árið 2004 var sala Sláturfélagsins góð í mörgum af mikilvægustu framleiðsluvöruflokkum félagsins. Góður gangur var í sölu á dillakjöti og salan aftur á uppleið eftir erfitt ár þar á undan. 1944 vörulínan hélt áfram að vaxa og SS álegg sömuleiðis. Þá var lokið við endurhönnun á hálf tilbúnu línunni Fljótlegt & Freistandi og verður lögð mikil áhersla á hana á árinu 2005. Hörð samkeppni ríkti á pylsumarkaði eins og fyrri ár, en SS hélt sínum hlut og bætti um betur í veltu.

Samhliðainnflutningur vöruhefja hefur aukist á undanförunum árum á ýmsum vörulíðum. Innflutningsdeild félagsins hefur brugðist við því með ýmsum hætti. Breyting var gerð á dýramatsinnflutningi og er hann nú að stórum hluta að koma frá Evrópu vegna strangari reglna. Áfram verður haldið að bjóða viðskiptavinum heimsþekkt vörumerki og leitað að nýjum tækifærum í þessari mikilvægu deild félagsins.

Sá hluti Norsk Hydro sem annaðist áburðar-, gas- og efnaframleiðslu og bar nafnið Hydro Agri var á árinu gerður að sjálfstæðu fyrirtæki sem heitir Yara. Merki Yara er áfram víkingaskipið sem fylgt hefur Hydro frá því félagið hóf áburðarframleiðslu árið 1905. Yara er leiðandi hér á landi í sölu á einkorna áburði með sölu og dreifingu á landsvísu.

Magnkaupadeildin tók til starfa í upphafi árs, sú deild sinnir nú sölu inn á mótuneyti, stóreldhús og veitingastaði. Stórt skref var stigið í deildinni þegar SS hóf framleiðslu og sölu á skólamat. Samið var við Hafnarfjarðarbæ og hefur verkefnið verið unnið náið með stjórnendum og starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar.

SS hefur boðið fyrirtækjum til sölu og pakkað jólagjöfum til starfsfólks. Salan var mjög góð og var það ekki síst að þakka nýjungum í þjónustu okkar, sem og samstarfi við aðra leiðandi aðila, sem bjóða upp á þessa þjónustu fyrir jóln.



FJÖLDI SLÁTURFJAR OG MEÐALÞUNGI DILKA

	2004		2003	
	stk.	kg.	stk.	kg.
Öræfaveild	4.195	15,9	4.540	15,8
Hörglandsdeild	7.024	15,5	7.373	15,4
Kirkjubæjarsdeild	7.485	15,8	7.275	15,6
Meðallandsdeild	3.258	14,6	3.771	14,9
Skaftártungudeild	5.342	15,8	5.295	15,7
Álftaversdeild	2.683	15,8	2.651	16,2
Hvamsdeild	2.720	15,2	3.193	15,5
Dyrhóladeild	2.986	14,1	2.861	14,9
A-Eyjafjalladeild	1.805	14,6	1.739	15,1
V-Eyjafjalladeild	4.160	14,7	4.021	14,9
A-Landeyjarsdeild	2.650	14,1	3.053	14,3
V-Landeyjarsdeild	3.166	14,5	3.286	14,5
Fljótshlíðarsdeild	4.903	14,7	5.034	15,0
Hvolhreppsdeild	391	14,9	424	14,7
Rangárvalladeild	4.686	14,7	5.142	14,9
Landmannadeild	1.882	14,0	2.792	15,1
Holtadeild	2.535	15,2	2.830	14,9
Ásadeild	2.281	15,0	2.664	15,1
Djúpársdeild	1.402	13,8	1.529	14,6
Gaulverjabæjarsdeild	1.601	15,1	586	15,9
Stokkseyrarsdeild	239	15,6	474	15,2
Sandvíkurdeild	362	16,9	786	16,7
Hraungerðisdeild	1.379	16,4	1.456	16,1
Villingaholtsdeild	1.244	15,6	1.158	16,0
Skeiðadeild	1.483	15,1	1.367	15,1
Gnúpverjarsdeild	1.930	16,5	2.066	15,5
Hrunamannadeild	3.882	15,9	5.890	15,6
Biskupstungnadeild	5.392	15,7	3.887	15,9
Laugardalsdeild	980	15,6	959	16,3
Grímsnesdeild	4.596	14,7	4.344	15,0
Þingvalla- og Grafningsdeild	4.230	15,3	4.095	15,4
Ölfusdeild	1.633	15,3	1.939	15,6
Kjalarnes- og Mosfellsdeild	903	15,8	922	15,4
Kjósarsdeild	2.621	14,8	2.466	14,9
Hvalfjarðarstrandarsdeild	1.655	15,0	1.761	15,4
Borgarfjarðar- og Mýrarsdeild	8.244	14,5	8.936	14,7
Leirár- og Melarsdeild	3.145	15,4	3.381	15,2
Akranes- og Skilmannarsdeild	1.996	14,5	2.303	13,9
Snæfells- og Hnappadalsdeild	7.913	15,3	8.330	15,5
Dalarsdeild	10.895	15,3	10.994	15,3
Utan deilda	2.056	15,4	1.719	16,5

LYKILTÖLUR

Kennitölur eru reiknaðar út frá samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. en kennitölur frá árinu 2003 og fyrr eiga eingöngu við Sláturfélag Suðurlands svf.

Rekstur	2004	2003	2002	2001	2000
<i>Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.</i>	<i>Samstæða</i>				
Rekstrartekjur.....	4.445,1	3.496,0	3.708,8	3.468,2	3.097,5
Rekstrargjöld án afskrifta	4.130,3	3.286,3	3.488,9	3.251,6	2.794,3
Afskriftir	216,0	154,8	154,4	147,0	136,1
Rekstrarhagnaður (tap).....	98,8	54,9	65,5	69,6	167,1
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(32,8)	(32,4)	6,1	(124,3)	(68,2)
Söluhagnaður af hlutabréfum.....	52,7				
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(17,1)	(57,4)	(45,0)	1,9	1,4
Hagn. (tap) fyrir skatta.....	101,6	(34,9)	26,6	(52,8)	100,3
Tekju- og eignarskattur	(0,1)	(2,6)	(7,6)	(5,8)	(9,8)
Hagnaður (tap) ársins.....	101,5	(37,5)	19,0	(58,6)	90,5
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri	144,7	189,0	171,3	159,7	269,5

Efnahagur 31. desember	2004	2003	2002	2001	2000
<i>Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.</i>					
Fastafjármunir.....	2.353,1	1.775,3	1.804,2	1.764,9	1.586,0
Veltufjármunir	1.335,5	1.069,4	1.127,6	1.159,8	935,0
Eignir samtals	3.688,6	2.844,7	2.931,8	2.924,7	2.521,0
Eigið fé.....	1.262,7	1.189,8	1.216,7	1.184,6	1.179,8
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	380,5	409,1	411,2	419,3	410,6
Langtímaskuldir	1.693,8	906,8	864,3	845,5	867,7
Skammtímaskuldir	732,1	748,1	850,8	894,6	473,5
Skuldir samtals	2.425,9	1.654,9	1.715,1	1.740,1	1.341,2

Kennitölur

Hagn. (tap) sem hlutfall af rekstrartekjum.....	2,3%	(1,1%)	0,5%	(1,7%)	2,9%
Veltufjárhlutfall.....	1,8	1,4	1,3	1,3	2,0
Eiginfjárhlutfall	34%	42%	42%	41%	47%
Innra virði	3,3	2,9	3,0	2,8	2,9
Arðsemi eigin fjár.....	8%	(3%)	2%	(5%)	8%

Ársverk

Unnin ársverk	431	344	339	340	339
---------------------	-----	-----	-----	-----	-----

Ársreikningur 2004

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.



ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og eigenda Sláturfélags Suðurlands svf.

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess Reykjararðs hf. fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004, og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Reykjavík, 25. febrúar 2005

Deloitte hf.
Halldór Arason, endurskoðandi
Arnór Eggertsson, endurskoðandi

Félagskjörnir skoðunarmenn
Arnór Karlsson
Kristján Mikkelsen

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Ársreikningur Sláturfélags Suðurlands svf. árið 2004 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur nú að geyma samstæðureikning Sláturfélagsins og dótturfélags þess Reykjararðs hf. Samanburðarfjárhæðir frá árinu 2003 í ársreikningnum eiga eingöngu við rekstur og efnahag Sláturfélags Suðurlands svf. Félagið hefur beitt verðleiðréttingum á reikningsskil sín fram til ársloka 2003. Að álitum stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Í árslok 2004 sameinaði Sláturfélag Suðurlands svf. dótturfélag sitt SS Eignir ehf., Reykjararði hf. sem m.a. rekur kjúklingasláturhús og kjótvinnslu á Hellu. Samhliða sameiningunni var hlutfé Reykjararðs hf. aukkið og er að því loknu 195,7 millj.kr. Eftir aukningu hlutfjár á Sláturfélagið 51% í Reykjararði hf., en áður var eignarhlutinn 100%.

Samkvæmt rekstrarreikningi nema rekstrartekjur ársins 4.445 millj.kr. Hagnaður af rekstri samstæðunnar á árinu nam 101 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 3.689 millj.kr. Bókfært eigið fé er í árslok 1.263 millj.kr. og er eiginfjárhlutfall 34,2%.

Stofnsjóðseign í A-deild er í árslok 200 millj.kr. og eiga 2.209 aðilar yfir kr. 1.000 í stofnsjóði, en þeir voru 2.210 árið áður. Á árinu nam útborgað stofnfé að frádregnu innborguðu um 8,7 millj.kr. Stofnsjóðseign í B-deild er 200 millj.kr. sem skiptist á milli 589 aðila. og fækkaði þeim um 12 frá síðasta ári. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði A-deildar, en tveir hluthafar eiga yfir 10% hlut í B-deild stofnsjóðs, Svinabúið Brautarholti ehf. með 23,56% hlut og Guðmundur A. Birgisson með 10,58% hlut. Sláturfélag Suðurlands svf. á 9,92% hlut í B-deild stofnsjóðs eða 19,8 millj.kr. og er sú fjárhæð færð til lækkunar á stofnsjóðseign í B-deild meðal eiginfjárreikninga.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði 10% arður af B-deild stofnsjóðs, alls 20 millj.kr. og reiknaðir 6% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 12 millj.kr. Stjórn félagsins vísar að öðru leyti til ársreikningsins um breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. febrúar 2005

Aðalsteinn Guðmundsson
Hreiðar Grímsson

Stjórn
Jónas Jónsson, formaður

Hallfreður Vilhjálmsson
Sigurlaug Jónsdóttir

Forstjóri
Steinþór Skúlason

REKSTRARREIKNINGUR

	Skýr.	2004 Samstæða	2003 SS svf.
Rekstrartekjur			
Sölutekjur		4.445.134	3.496.026
		<u>4.445.134</u>	<u>3.496.026</u>
Rekstrargjöld			
Vöru- og umbúðanotkun		2.210.386	1.941.573
Laun og tengd gjöld		1.110.449	846.296
Annar rekstrarkostnaður		809.500	498.444
Afskriftir	4.1.	216.023	154.817
		<u>4.346.358</u>	<u>3.441.130</u>
<i>Hagnaður (tap) fyrir afskriftir</i>		98.776	54.896
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	9.2.	(32.780)	(32.378)
Söluhagnaður af hlutabréfum	5.2.	52.673	0
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	5.1.	<u>(17.100)</u>	<u>(57.399)</u>
<i>Hagnaður (tap) fyrir skatta</i>		101.569	(34.881)
Skattar			
Reiknaður tekju- og eignarskattur	8.1.	<u>(107)</u>	<u>(2.641)</u>
<i>Hagnaður (tap) ársins</i>		<u>101.462</u>	<u>(37.522)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

		<i>Eignir</i>	
		Skýr.	
			2004
			Samstæða
			2003
			SS svf.
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir			
	Langtímakostnaður	3.1.	39.600
			<u>0</u>
			<u>39.600</u>
			<u>0</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir			
	Fasteignir og lóðir	4.2.	1.492.382
	Vélar, áhöld og innréttingar		635.264
	Bífreiðir		58.597
		4.1.	<u>2.186.243</u>
			<u>1.087.894</u>
			<u>395.473</u>
			<u>62.040</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
	Eignarhlutar í félögum	5.1.	89.833
	Skuldabréfaeign	5.3.	37.440
			<u>127.273</u>
			<u>127.353</u>
			<u>102.527</u>
			<u>229.880</u>
	Fastafjármunir		<u>2.353.116</u>
			<u>1.775.287</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir			
	Birgðir	2	880.556
			<u>771.702</u>
			<u>880.556</u>
			<u>771.702</u>
Skammtímakröfur			
	Viðskiptakröfur	2	323.121
	Skuldabréfaeign	2	6.950
	Aðrar skammtímakröfur		59.003
			<u>389.074</u>
			<u>266.253</u>
			<u>13.796</u>
			<u>1.463</u>
			<u>281.512</u>
Handbært fé			
	Bankainnstæður		65.807
			<u>16.221</u>
			<u>65.807</u>
			<u>16.221</u>
	Veltufjármunir		<u>1.335.437</u>
			<u>1.069.435</u>
	<i>Eignir</i>		<u>3.688.553</u>
			<u>2.844.722</u>

31. DESEMBER

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2004 Samstæða	2003 SS svf.
Eigið fé			
Stofnsjóður A-deild	6.1.	200.358	209.100
Stofnsjóður B-deild, hlutafé	6.1.	180.160	200.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður		50.000	50.000
Annað eigið fé		<u>673.043</u>	<u>571.584</u>
<i>Eigið fé</i>	6.2.	<u>1.262.672</u>	<u>1.189.795</u>
Skuldir			
Skuldbindingar			
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	2	39.936	0
Eftirlaunaskuldbinding	10.2.	<u>49.900</u>	<u>49.600</u>
		<u>89.836</u>	<u>49.600</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	7.1.	749.636	632.603
Skuldir í íslenskum krónum	7.1.	<u>1.033.363</u>	<u>441.911</u>
		1.782.999	1.074.514
Næsta árs afborgun	7.3.	<u>(179.046)</u>	<u>(217.296)</u>
		<u>1.603.953</u>	<u>857.218</u>
Skammttímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		252.053	191.354
Skuldir við lánastofnanir		297.321	335.859
Næsta árs afborganir langtímaskulda	7.3.	179.046	217.296
Skattar ársins	8.1.	<u>3.672</u>	<u>3.600</u>
		<u>732.092</u>	<u>748.109</u>
<i>Skuldir og skuldbindingar</i>		<u>2.425.881</u>	<u>1.654.927</u>
<i>Eigið fé og skuldir</i>		<u>3.688.553</u>	<u>2.844.722</u>

SJÓÐSTREYMI

	Skýr.	2004	2003
		Samstæða	SS svf.
Handbært fé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		101.462	(37.523)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	4.1.	216.024	154.817
Verðbætur og gengismunur eigna og skulda.	2	(31.848)	(5.371)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	5.1.	17.100	57.399
Niðurfærsla á hlutabréfaeign	5.1.	8.400	30.000
(Hagnaður) tap af sölu fastafármuna	5.2.	(53.390)	2.032
Aðrir liðir		<u>(113.014)</u>	<u>(12.384)</u>
Veltufé frá rekstri		<u>144.734</u>	<u>188.970</u>
 Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Birgðir, lækkun		46.278	3.439
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(30.516)	41.792
Skammtímaskuldir, (lækkun)		<u>(32.673)</u>	<u>(36.877)</u>
		<u>(16.911)</u>	<u>8.354</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>127.823</u>	<u>197.324</u>
 Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	4.1.	(181.502)	(100.155)
Söluverð fastafármuna		132.089	34.922
Breyting á eignarhlutum í félögum	5.2.	(34.793)	(50.626)
Arður af hlutdeildarfélögum	5.2.	3.349	2.600
Sk.br.eign og aðrar kröfur, lækk. (hækk.) ...		<u>1.909</u>	<u>(53.647)</u>
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(78.948)</u>	<u>(166.906)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, (lækkun)		(244.438)	(7.834)
Tekin ný langtímalán		907.377	252.476
Afborganir langtímalána		(801.723)	(265.708)
Innborgað hlutfé	2	95.897	0
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild	6.1.	(8.742)	(8.320)
Keypt hlutabréf í B-deild	6.1.	(11.873)	(624)
Arður af stofnsjóði B-deildar		<u>0</u>	<u>(9.529)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(63.502)</u>	<u>(39.539)</u>
 (Lækkun) á handbæru fé		(14.627)	(9.121)
Handbært fé í ársbyrjun		16.221	25.342
Handbært fé hjá dótturfélagi		<u>64.213</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u>65.807</u>	<u>16.221</u>

SKÝRINGAR

1. Sláturfélag Suðurlands svf. - starfsemi

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnassýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísu. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með höfuðstöðvar að Fosshálsi 1, Reykjavík. Að Fosshálsi eru auk skrifstofu, markaðs- og söludeildir ásamt dreifingu á öllum framleiðsluvörum félagsins og innflutningi. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi. Sláturhús rekur félagið á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2004 er gerður samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum. Ársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess Reykjagarðs hf. Dótturfélög eru skilgreind sem félög sem eru undir stjórn móðurfélags á reikningsskiladegi. Samanburðarfjárhæðir frá árinu 2003 í ársreikningnum eiga eingöngu við rekstur og efnahag Sláturfélags Suðurlands svf. Sláturfélag Suðurlands hefur beitt verðleiðréttingum á reikningsskil sín fram til ársloka 2003.

Samstæða

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignaraðild í dótturfélagi er minna en 100% er færð hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Meðal markmiða samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir út á við og er þessum stærðum því eytt innan samstæðunnar við gerð reikningsskilanna.

Í árslok 2004 sameinaði Sláturfélag Suðurlands svf. dótturfélag sitt SS Eignir ehf., Reykjagarði hf. sem m.a. rekur kjúklingasláturhús og kjötvinnslu á Hellu. Samhliða sameiningunni var félagið fjárhagslega endurskipulagt og m.a. var hlutfé Reykjagarðs hf. aukið og er að því loknu 195,7 millj.kr. Eftir aukningu hlutfjár á Sláturfélagið 51% í Reykjagarði hf., en áður var eignarhlutinn 100%.

Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast í samstæðunni er vegna mismunar á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við góða reikningsskilavenju. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda og hún er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarsamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt kaupleigusamningi eru

færðar meðal eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Samsvarandi skuld við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra. Eftirstöðvar rekstrarleigusamninga í árslok 2004 nema 8,2 millj.kr.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Skattar vegna rekstrarársins 2004 eru áætlaðir og færðir í ársreikninginn. Eignarskattur er reiknaður 0,6% af skattalegri eign í árslok. Þrátt fyrir að hagnaður sé af rekstri á árinu er tekjuskattur ekki reiknaður vegna yfirfæranlegs taps.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áþreifanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Fyrningar eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu. Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Fyrningarhlutföll eru tilgreind undir greiningu á varanlegum rekstrarfjármunum.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Birgðir

Afurðabirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðar- og framleiðsluverði, eða dagverði hvort sem lægra reynist. Rekstrarvörubirgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söliverði að frádragnum kostnaði við sölu og dreifingu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnvirði að frádragnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnvirðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi er líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Óefnislegar eignir

3.1. Yfirverð vegna kaupa á dótturfélögum er fært sem langtímakostnaður. Yfirverðið svarar til þess mismunur sem er á kaupverði hlutabréfanna annars vegar og hlutdeildar félagsins í eiginfjárstöðu dótturfélaga hins vegar. Á árinu var afskrift á yfirverði vegna Reykjagarðs hf. mætt með hækkun á hlutafé Reykjagarðs. Eftirstöðvar eignfærðs langtímakostnaðar vegna Reykjagarðs hf. nema í árlok 39,6 millj.kr.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

4.1. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat og afskriftir greinast þannig:

	Vélar, áhöld			
	Fasteignir	innréttingar	Bifreiðir	Samtals
Stofnverð 1.1.2004	2.656.875	1.895.838	163.549	4.716.262
Afskrifað 1.1.2004	(1.157.901)	(1.206.672)	(91.351)	(2.455.924)
Bókfært verð 1.1.2004	1.498.974	689.166	72.198	2.260.338
Eignfært á árinu	84.300	87.906	9.296	181.502
Selt og aflagt á árinu	(13.374)	(15.229)	(10.971)	(39.574)
Afskriftir ársins	(77.518)	(126.579)	(11.926)	(216.023)
Bókfært verð 31.12.2004	<u>1.492.382</u>	<u>635.264</u>	<u>58.597</u>	<u>2.186.243</u>
Afskriftarhlutföll	2-4%	12-20%	8-15%	

4.2. Bókfært verð, fasteigna- og brunabótamat fasteigna greinist þannig:

	Bókfært verð	Fasteignamat	Fasteignamat	Brunabóta-
	31.12.2004	húsa 31.12.	lóða 31.12.	mat 31.12.
Fasteignir	<u>1.492.382</u>	<u>1.262.180</u>	<u>108.233</u>	<u>3.590.866</u>
	<u>1.492.382</u>	<u>1.262.180</u>	<u>108.233</u>	<u>3.590.866</u>

4.3. Vátryggingarverðmæti helstu eigna 1.1.2005:

Eignatrygging véla og tækja	1.595.325
Aðrar lausafjártryggingar	61.532
Birgðatryggingar	911.370
Rekstrarstöðvunartrygging	1.553.211

5. Áhættufé og langtímakröfur

5.1. Hlutdeildarfélög eru félög, þar sem samstæðan er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra með því að taka þátt í ákvörðunartöku um fjármála- og rekstrarstefnu. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagunum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar Sláturfélagsins í bókfærðu eigin fé félaganna, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup. Yfirverð félaganna er fært niður á 3 - 5 árum. Félag sem tekin eru sem hlutdeildarfélög eru Ferskar kjötvörur hf., Ísfugl ehf., Hollt og Gott ehf. og Guldfoss A/S í Danmörku. Tap vegna hlutdeildarfélaga nam á árinu 17,1 millj.kr. og afskrift vegna yfirverðs þeirra nam 8,4 millj.kr. Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði.

5.2. Á árinu 2004 jók Sláturfélagið við hlutabréfaeign sína í Hollu og Góðu ehf. og Guldfoss A/S að fjárhæð 30,6 millj.kr. og fengin var arður frá Hollu og Góðu ehf. og Ísfugl ehf. að fjárhæð 3,3 millj.kr. Á árinu seldi Sláturfélagið hlutabréfaeign sína í Íslenskum Markaði hf. og BGG ehf. og nam söluhagnaður vegna þess 52,7 millj.kr.

5.3. Yfirlit skuldabréfaeignar:

	Vextir	Eftirstöðvar
Verðtryggð bréf	5,5-8,0%	42.575
Óverðtryggð bréf	10,0-12,5%	1.372
		43.947
Næsta árs afborgun		(6.507)
		<u>37.440</u>

6. Eigið fé

6.1. Á árinu 2004 nam útborgað stofnfé úr stofnsjóði A-deildar 13,9 millj.kr. og innborgað stofnfé 5,2 millj.kr. Sláturfélag Suðurlands svf. keypti á árinu eigin bréf í B-deild stofnsjóðs að nafnverði um 11,9 millj.kr. og á nú eigin bréf að nafnverði 19,9 millj.kr. Eigin stofnsjóðsbréf eru nú færð til lækkunar á stofnsjóði B-deildar meðal eiginfjárreikninga í ársreikninginum, en þau voru áður færð meðal veltufjármuna.

6.2. Yfirlit eiginfjárreikninga:

	Stofnsjóður A-deild	Stofnsjóður B-deild	Yfirverðsr. hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé
Yfirfært frá fyrra ári	209.100	200.000	159.111	50.000	571.584
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild....	(8.742)				(3)
Eigin bréf í B-deild		(19.840)			
Hagnaður ársins					101.462
	<u>200.358</u>	<u>180.160</u>	<u>159.111</u>	<u>50.000</u>	<u>673.043</u>

7. Langtímaskuldir

7.1. Yfirlit um langtímaskuldir:

	<u>Vextir</u>	<u>Eftirstöðvar</u>
Lán í erlendri mynt:		
Lán í EUR	3,7-3,9%	208.440
Lán í USD	3,9-4,4%	206.121
Lán í CHF	2,2-2,5%	157.747
Lán í JPY	1,5-1,7%	81.574
Lán í GBP	6,3-6,6%	75.289
Lán í myntkörfu	7,4-8,6%	20.465
		<u>749.636</u>
Innlendar skuldir:		
Verðtryggð lán	2,3-8,8%	833.363
Óverðtryggð lán	8,9%	200.000
Langtímaskuldir með næsta árs afborgunum		1.782.999
Næsta árs afborganir		(179.046)
		<u>1.603.953</u>

7.2. Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir og í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2004, en vaxtakjör skulda í erlendum gjaldmiðlum breytast miðað við breytingar á markaðsvöxtum á erlendum lánamörkuðum.

7.3. Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu árum:

	<u>Fjárhæð</u>
Árið 2005	179.046
Árið 2006	316.602
Árið 2007	326.262
Árið 2008	285.076
Árið 2009	77.298
Árið 2010 og síðar	598.715
	<u>1.782.999</u>

8. Skattamál

8.1. Skattar vegna rekstrarársins 2004 eru áætlaðir og færðir í ársreikninginn. Eignarskattur er reiknaður 0,6% af skattlegri eign í árslok eða um 3,4 millj.kr. Tekjuskattur er ekki reiknaður vegna yfirfærans taps. Á árinu var tekjufærð tekjuskattskuldbinding vegna fyrri ára að fjárhæð 3,3 millj.kr.

8.2. Yfirfærlegt skattalegt tap félaga í samstæðunni nemur í árslok 2004 um 460 millj.kr. og er það nýtanlegt til ársins 2006 hið skemmsta.

9. Launamál

9.1. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2004	2003
	Samstæða	SS svf.
Laun	918.613	715.660
Launatengd gjöld	191.836	130.636
	<u>1.110.449</u>	<u>846.296</u>
Meðalfjöldi starfsmanna	431	344

9.2. Launakjör stjórnenda og eignarhlutur sundurliðast þannig:

	Laun, hlunnindi og tengd gjöld	Eignarhlutur í B-deild
Jónas Jónsson, stjórnarformaður	340	10
Páll Lýðsson, fyrrverandi stjórnarformaður	598	100
Aðrir stjórnarmenn (fjórir)	1.132	238
Steinþór Skúlason, forstjóri	13.688	1.172
Forstöðumenn megindeilda Sláturfélagsins og Reykjagarðs (fjórir)	33.212	0
	<u>48.970</u>	<u>1.520</u>

10. Skuldbindingar

10.1. Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess að eftirstöðvum 980 millj.kr. í árslok 2004

10.2. Á félaginu hvílir skuldbinding vegna áunninna eftirlauna. Miðað við 3% vexti er núvirði eftirlaunaskuldbindingar 49,9 millj.kr. og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Samkvæmt útreikningum á eftirlaunaskuldbindingu ná greiðslur á henni allt til ársins 2016.

10.3. Samstæðan er með framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu, en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Einnig er samstæðan með vaxtaskiptasamninga. Gjaldmiðlasamningar í lok árs 2004 eru að verðmæti um 214 millj.kr.

II. Önnur mál

II.1. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2004	2003
	Samstæða	SS svf.
Vaxtatekjur og verðbætur.....	83.726	63.449
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(144.901)	(87.753)
Gengismunur	36.795	7.856
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	0	14.070
Niðurfærsla á bókfærðu verði hlutabréfaeignar	(8.400)	(30.000)
	<u>(32.780)</u>	<u>(32.378)</u>

II.2. Þóknun til endurskoðenda:

	2004	2003
	Samstæða	SS svf.
Endurskoðun ársreiknings.....	2.104	1.319
Könnun árshlutareikninga.....	1.883	1.159
Önnur þjónusta	1.358	948
Kjörnir skoðunarmenn	192	192
	<u>5.537</u>	<u>3.618</u>

II.3. Í samræmi við reglur um birtingu ársreikninga skráðra félaga í Kauphöll Íslands mun Sláturfélag Suðurlands svf. breyta reikningsskilum sínum til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS. Reglurnar taka til reikningsskila sem birt eru eftir 1.1.2005. Félagið hefur hafið undirbúning við innleiðingu staðlanna, en ekki liggur ljóst fyrir hversu mikil áhrif þessar breytingar kunna að hafa á bókfært eigið fé Sláturfélagsins.

FÉLAGSDEILDIR OG FORMENN 31.12.2004

ÖRÆFADEILD	Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi
HÖRGLANDSDEILD	Jón Jónsson, Prestsbakka
KIRKJUBÆJARDEILD	Kjartan Magnússon, Fagurhlíð
MEÐALLANDSDEILD	Guðni Már Sveinsson, Melhóli
SKAFTÁRTUNGUDEILD	Guðgeir Sumarliðason, Austurhlíð
ÁLFTAVERSDEILD	Salvar Júlíusson, Jórvík I
HVAMMSDEILD	Finnbogi Gunnarsson, Suður-Fossi
DYRHÓLADEILD	Einar Magnússon, Norður-Hvoli
A-EYJAFJALLADEILD	Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógum
V-EYJAFJALLADEILD	Baldur Björnsson, Fitjamýri
A-LANDEYJADEILD	Eiríkur Davíðsson, Kanastöðum
V-LANDEYJADEILD	Brynjólfur Bjarnason, Lindartúni
FLJÓTSHLÍÐARDEILD	Kristinn Jónsson, Staðarbakka
HVOLHREPPSDEILD	Birkir Arnar Tómasson, Móeiðarhvoli II
RANGÁRVALLADEILD	Skúli Jónsson, Selalæk
LANDMANNADEILD	Páll Sigurjónsson, Galtalæk
HOLTADEILD	Hermann Sigurjónsson, Raftholti
ÁSADEILD	Ísleifur Jónasson, Kálfholti
DJÚPÁRDEILD	Óskar Ólafsson, Bjóluhjáleigu
GAULVERJABÆJARDEILD	Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli
STOKKSEYRARDEILD	Björn Harðarson, Holti I
SANDVÍKURDEILD	Gísli Geirsson, Byggðarhorni II
HRAUNGERÐISDEILD	Þormóður Ólafsson, Hjálmholti
VILLINGAHOLOTSDEILD	Einar Hermundsson, Egilsstaðakoti
SKEIÐADEILD	Aðalsteinn Guðmundsson, Húsatóftum II
GNÚPVERJADEILD	Hjalti Gunnarsson, Fossnesi
HRUNAMANNADEILD	Steinar Halldórsson, Auðsholti IV
BISKUPSTUNGNADEILD	Kjartan Sveinsson, Bræðratungu
LAUGARDALSDEILD	Friðgeir Stefánsson, Laugardalshólum
GRÍMSNESDEILD	Tómas Brandsson, Ormsstöðum
ÞINGVALLA- OG GRAFNINGSDEILD	Ólóf Björg Einarsdóttir, Heiðarbæ I
ÖLFUSDEILD	Halldór Guðmundsson, Hvammi
KJALARNES- OG MOSFELLSDEILD	Bjarni Bjarnason, Hraðastöðum 3
KJÓSARDEILD	Hreiðar Grímsson, Grímsstöðum
HVALFJARÐARSTRANDARDEILD	Matthías Sigurðsson, Hrafnabjörgum I
BORGARFJARÐAR- OG MÝRARDEILD	Sigurður Jakobsson, Varmalæk
LEIRÁR- OG MELADEILD	Sigurður Valgeirsson, Neðra-Skarði
AKRANES- OG SKILMANNADEILD	Brynjólfur Ottesen, Ytra-Hólmi I
SNÆFELLS- OG HNAPPADALSDEILD	Sigurður Þ. Helgason, Hraunholtum
DALADEILD	Jónas Guðjónsson, Hömrum

STARFSHÆTTIR SS

Í gegnum tíðina hafa skapast og verið skapaðar hefðir um það hvernig starfsmenn félagsins vinna að markmiðum sínum. Í samkeppni á markaði leggur félagið áherslu á eftirfarandi starfshætti sem mikilvæga eiginleika SS fólks.

Þessir starfshættir eru hluti af því sem við erum og með mikilvægari þáttum í rekstri félagsins sem stuðla að velgengni.

Starfsháttum okkar viljum við skipta í fimm þætti sem eru eftirfarandi :

FRUMKVÆÐI

Til að halda forystu á markaði þarf frumkvæði. Frumkvæði til að gera nýja hluti, vera leiðandi. Á markaði látum við hlutina gerast með nýjum vörum, nýrri þjónustu og bjóðum viðskiptavinum okkar verðmæti í viðskiptum sem taka fram því sem keppinautar bjóða. Með þeim hætti einum getum við tryggt stöðu okkar.

Inn á við höfum við frumkvæði til að gera sífellt betur. Jafnt stjórnendur sem aðrir starfsmenn. Ekkert er gert eingöngu af því að það hafi alltaf verið gert eins áður. Umhverfið breytist í sífellu og við þurfum að breytast með og á undan öðrum. Það eina sem breytist ekki er þörfin á sífelldri endurskoðun, sífelldum breytingum.

Við höfum frumkvæði til að leita nýrra leiða til að auðvelda okkur verkin og skapa aukin verðmæti starfsfólki og fyrirtæki til góða.

SAMVINNA

Heildin er sterkari en einstaklingarnir. Með því að vinna saman að sameiginlegu markmiði náum við árangri. Fyrirtækið er óslitin keðja þar sem reynir á hvern hlekk. Samvinna deilda, samvinna starfsmanna skapar árangursríkan og skemmtilegan vinnustað. Við stefnum fram á við og viljum vaxa í starfi og njóta til þess samvinnu og stuðnings fyrirtækisins.

Í keppni á markaði erum við metin sem heild og það er frammistaða heildarinnar sem skiptir höfuðmáli gagnvart viðskiptavinum.

GÆÐI

Okkur er treyst til að framleiða og dreifa matvælum til neytenda. Þessu trausti fylgir sú ábyrgð að vanda til verka. Standa undir nafni og styðja og styrkja það álit sem við njótum á markaði. Gott mannorð starfsfólks og fyrirtækis er gulls ígildi. Í allri starfsemi höfum við gæði að leiðarljósi með það að markmiði að gera hvern hlut aðeins einu sinni og gera hann rétt.

ÞJÓNUSTA

Þjónusta snýst um að viðskiptavinir fái vörur með réttum hætti. Að samskipti þeirra við félagið séu ánægjuleg og árangursrík og að mætt sé þörfum þeirra innan þeirra marka sem félagið setur sér. Þjónusta lýtur einnig að því að sjá fyrir þarfir viðskiptavina og bjóða þeim með þeim hætti aukin verðmæti í viðskiptum við félagið.

Þjónusta snýr einnig inn á við að eigendum og samstarfsfólki. Styrkir samvinnu og gerir kröfu um gagnkvæma virðingu í samskiptum jafnt inn á við sem út á við.

RÁÐDEILD

Við sýnum ráðdeild í rekstri og bruðlum ekki með fjármuni félagsins. Vinnuumhverfi og búnaður skal uppfylla ströngustu kröfur en ekki vera ofhlaðið eða bera með sér íburð.

Samstarfsmenn, eigendur og viðskiptavinir skulu sjá á öllu framferði okkar að vel sé farið með fjármuni. Hagkvæmni og ráðdeild skapa virðingu.



Sláturfélag Suðurlands svf
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík